



## *Þekking og Færni - Virðing og Vellíðan*

### Hlutverk

#### Nemenda:

- sækja grunnskóla nema veikindi eða önnur forföll hamli
- bera ábyrgð á eigin námi, framkomu sinni, háttsemi og samskiptum við skólasytkin og starfsfólk skóla, þ.m.t rafrænum samskiptum og netnotkun með hliðsjón af aldri og þroska þeirra
- hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks skólans, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasytkin

#### Starfsfólks:

- bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið
- sýna nærgætni og gæta virðingar í framkomu sinni gagnvart nemendum, foreldrum og samstarfsfólki og gæta þagmælsku, nema þegar um er að ræða tilkynningarskyldu gagnvart barnaverndarlögum
- leggja sig fram um að nemendur nái að nýta og rækta hæfileika sína

#### Foreldra:

- bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og gæta hagsmuna þeirra
- stuðla að því að börn þeirra stundi nám sitt og fylgjast með námsframvindu þeirra
- veita nauðsynlegar upplýsingar til skóla

(nánar í Aðalnámskrá grunnskóla [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016\\_2019\\_master\\_16082019.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016_2019_master_16082019.pdf))

### Skólareglur Dalvíkurskóla

#### Nemandi:

- Mætir á réttum tíma í kennslustundir
- Sinnir námi sínu af áhuga og metnaði
- Hefur stjórn á eigin hegðun, bæði orðum og gerðum
- Virðir eigur skólans og annarra
- Hlýðir fyrir mælum starfsfólks
- Er virkur og ábyrgur í námi og starfi
- Skapar og virðir góðan vinnufrið

Í Dalvíkurskóla er stuðlað að skólabrag sem einkennist af ánægju, leik og vellíðan ☺



## Mentor

Allir foreldrar ættu að hafa fengið notendanafn og lykilorð á Mentor. Ef einhver er í vandræðum hafið samband við ritara skólans.

Mentor er skráningakerfi sem heldur utan um ástundun, nám, námsmat og áætlanir nemandans	Allar upplýsingar um heimanám birtast á svæði foreldra í Mentor
Allir hvattir til að hlaða niður Mentorappinu til að fá allar upplýsingar beint í símann eða spjaldtölvuna	Mentor er notaður til að senda allar upplýsingar til foreldra

## Viðmið um skólasókn

**Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn.**  
**Veikindi og leyfi**

**1 5-9 dagar**  
Umsjónarkennari ræðir við nemanda og heyrir í foreldrum til að leita skýringa.

**2 10-14 dagar**  
Stjórnendur og skólahjúkrunarfræðingur upplýstir um stöðuna, sem hafa samband við foreldra.

**3 15-19 dagar**  
Umsjónarkennari boðar til fundar með foreldrum og stjórnanda. Nemendaverndarráð upplýst um stöðu mála.

**4 20-29 dagar**  
Máli vísað til nemendaverndarráðs. Stjórnandi ásamt Umsjónarkennara og skólajónustu boðar foreldra til fundar þar sem málin eru rædd og sett fram áætlun.

Veikindi ber að tilkynna daglega til ritara og getur skóli óskað eftir vottorði sé nemandi veikur í meira en einn dag.  
Umsóknir um leyfi þurfa að berast með góðum fyrirvara.

**Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda...**  
Samkvæmt 19. gr. laga um grunnskóla bera foreldrar ábyrgð á því að börn þeirra sækji skóla. Skólastjóra ber að vísa ófullnægjandi skólasókn nemenda til fræðslu- og barnaverndaryfirvalda. Mikilvægt er að skoða hvert mál fyrir sig og meta stöðuna út frá stöðu hvers og eins og eiga í góðri samvinnu við heimilin. Hér að ofan eru viðmið um viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn. Mikilvægt er að skoða tilkynningar um leyfi og veikindi samhliða fjarvistum þegar grunur um skólasóknarvanda vaknar og áætla viðbrögð út frá stöðu hvers og eins nemanda.

**Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn.**  
**Fjarvistir**

**1 2-4 fjarvistir**  
Umsjónarkennari ræðir við nemanda og heyrir í foreldrum til að leita skýringa.

**2 5-9 fjarvistir**  
Umsjónarkennari heyrir í foreldrum og boðar þá á fund ásamt nemanda þar sem farið er yfir stöðuna og lausnir/umbætur ræddar.

**3 10-14 fjarvistir**  
Málinu vísað til stjórnenda. Lausna leitað í samráði við foreldra og Umsjónarkennara. Málinu vísað til Barnaverndar gerist þess þörf.

**4 15+ fjarvistir**  
Málinu vísað til nemendaverndarráðs sem tekur ákvörðun um úrlausn. Málið tilkynnt til Barnaverndar sem leitar lausnar ásamt skólajónustu.

**Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda...**  
Samkvæmt 19. gr. laga um grunnskóla bera foreldrar ábyrgð á því að börn þeirra sækji skóla. Skólastjóra ber að vísa ófullnægjandi skólasókn nemenda til fræðslu- og barnaverndaryfirvalda. Mikilvægt er að skoða hvert mál fyrir sig og meta stöðuna út frá stöðu hvers og eins og eiga í góðri samvinnu við heimilin. Hér að ofan eru viðmið um viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn. Mikilvægt er að skoða tilkynningar um leyfi og veikindi samhliða fjarvistum þegar grunur um skólasóknarvanda vaknar og áætla viðbrögð út frá stöðu hvers og eins nemanda.